

## **Fundargerð fundar 15. júní kl. 16:30 í stofu 101 á Háskólatorgi í Háskóla Íslands**

Hinn 29. júní 2015 verða 35 ár liðin frá sögulegu kjöri Vigdísar Finnbogadóttur í embætti forseta Íslands. Til að minnast þessara tímamóta munu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskóli Íslands í samvinnu við Alþingi, Reykjavíkurborg, Samtök Íslenskra sveitarfélaga, framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, Þórshöfn í Færeyjum og fjölmörg félagasamtök (sjá neðar í þessu skjali) standa fyrir hátíðardagskrá á Arnarhóli sunnudaginn 28. júní með þátttöku alls almennings og gróðursetningarátaki í öllum sveitarfélögum landsins laugardaginn 27. júní.

Mikilvægt er að breið samstaða myndist um viðburðina og að sem flestir geti á merktum tímamótum glaðst yfir því að Íslendingar hafi brotið blað í veraldarsöggunni með þeirri heillaríku ákvörðun að kjósa Vigdís sem forseta Íslands. Til að skapa sem breiðasta samstöðu um verkefnið var leitað til þeirra fjölmörgu félagasamtaka og hreyfinga, sem stóðu að afmælishátíð til heiðurs Vigdísar árið 2010 og þeim boðin aðild að viðburðunum nú. Um er að ræða samtök, sem hafa sett á oddinn ýmis þau málefni, sem Vigdís eru hugleikin og hún hefur beitt sér fyrir. Á fundinum voru þessir aðilar (og aðrir sem bæst hafa í hópinn) kallaðir saman öðru sinni til að ræða dagskrá, undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar.

Eftirfarandi samtök sendu fulltrúa sinn á fundinn:

- Ólafur J. Proppé frá Bandalagi íslenskra skáta
- Erna Reynisdóttir frá Barnaheill – Save the Children á Íslandi
- Ásta frá Félagi leiðsögumanna
- Guðlaug Ásgeirsdóttir frá Gígjunni – Sambandi íslenskra kvennakóra
- Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins
- Una María Óskarsdóttir, forseti Kvenfélagasambands Íslands
- Kristín Svavarsdóttir frá Landgræðslu ríkisins
- Guðrún Björt Yngvadóttir frá Lions Clubs International
- Jón Pálmason og Hrund Hjaltadóttir frá Lions-hreyfingunni á Íslandi
- Norræna húsið
- Sigrún Hafstein frá Verkfræðingafélagi Íslands

Úr framkvæmdanefnd komu:

- Auður Hauksdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
- Heiðrún Pálsdóttir fyrir Alþingi
- Lilja D. Alfreðsdóttir fyrir forsætisráðuneytið
- S. Björn Blöndal fyrir Reykjavíkurborg
- Halldór Halldórsson fyrir Samband íslenskra sveitafélaga
- Hörður Vilberg, fulltrúi Þorsteins Víglundssonar fyrir Samtök atvinnulífsins

Forföll boðuðu:

- Aðalbjörg Finnbogadóttir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Aðalheiður Steingrímsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands
- Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands
- Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar
- Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands
- Iona Sjöfn Huntingdon-Williams, fulltrúi Landsambands íslenskra stúdenta
- Rannveig Gunnarsdóttir, varaforseti Rótarýklúbbsins Reykjavík-Miðborg

- Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands
- Áslaug Björnsdóttir, varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Félagasamtök sem hafa staðfest aðkomu sína að verkefninu en sáu sér ekki fært að senda fulltrúa sinn á fundinn:

- Almannaheill - samtök þriðja geirans
- Alþjóðlegur jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna
- Arkitektafélag Íslands
- Bandalag háskólamanna
- Blindrafélagið
- Félag háskólakvenna
- Félag íslenskra bókaútgefenda
- Félag kvenna í atvinnulífinu
- Háskólakórinn
- Íslandsstofa
- Íslenski dansflokkurinn
- Landsamband blandaðra kóra
- Landsamband karlakóra
- Landsnefnd UN Women á Íslandi
- Móðurmál – Samtök móðurmálskennara
- RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum
- Rithöfundasamband Íslands
- Rotary á Íslandi
- Rótarýklúbburinn Reykjavík-Miðborg
- Samtök kvenna af erlendum uppruna
- Samtök tungumálakennara á Íslandi - STÍL
- Sólheimar sjálfbært samfélag
- Tónverkamiðstöðin
- Yrkja
- Zontasamband Íslands

Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, bauð fundarmenn velkomna til annars fundar samstarfsaðila um hátíðardagskrána. Þegar fundarmenn höfðu kynnt sig og sín félagasamtök, skýrði Auður frá framvindu undirbúningsstarfsins fyrir hátíðardagskrána á Arnarhóli sunnudaginn 28. júní kl. 19.30 og stöðu fjáröflunar við verkefnið. Einnig skýrði hún frá því að viðburðinum verður sjónvarpað beint. Þá greindi hún frá viðamiklu gróðursetningarátaki, sem fram fer í öllum sveitarfélögum landsins laugardaginn 27. júní. Skógræktarfélag Íslands og Samtök íslenskra sveitafélaga standa fyrir þessum hluta dagskrárinnar og fjármagna átakið. Gróðursett verða þrjú birkitré í anda Vigdísar, eitt fyrir stúlkur, eitt fyrir drengi og eitt fyrir ófæddar kynslóðir.

Kolbrún Halldórsdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, skýrði frá innihaldi hátíðardagskrárinnar, sem er á lokastigi (sjá viðhengi). Fundarmenn lýstu ánægju sinni með dagskrána. Lilja D. Alfreðsdóttir tók til þess að mikilvægt væri að umfjöllun um pólitíska arfleifð þessa tímamótaviðburðar kæmi fram í dagskránni. Kolbrún sagði að nemendur sviðslistadeildar Listaháskóla Íslands og Stúdentaleikhússins myndu vefa þá vidd inn í dagskrána. Sigrún Hafstein lagði áherslu á að í yfirskrift viðburðarins þyrfti að koma fram hvatning til almennings um að sýna Vigdísí þakklæti eða önnur ástæða sem gerði það að verkum að fólk fyndi sig knúið til að mæta á Arnarhól með fjölskyldur sínar. Báðar þessar

athugasemdir hlutu mikinn hljómgrunn meðal fundarmanna og mun framkvæmdanefnd taka tillit til þessa.

Fjallað var um kynningu á skógræktaráttakinu og hátíðardagskránni. Samþykkt að stofna viðburð á facebook og dreifa meðal aðstandenda hátíðarinnar. Þó var ákveðið að setja ekki kraft í kynningu fyrr en að loknum hátíðahöldum 19. júní í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.